

Innanríkisráðuneytið
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Innanríkisráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Ísafirði 14. október 2014

Efni og ályktanir 59. Fjórðungspings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill með bréfi þessu vekja athygli Innanríkisráðuneytissins á ályktunum og umfjöllunarefnum 59. Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið var þann 3. og 4. október s.l. á Þingeyri í Dýrafirði.

Málefni þingsins voru atvinnu og byggðaðþróun svæðisins og sóknaráætlun landshluta. Einnig var lögð áhersla á það hvernig efla megi grunnskólana á Vestfjörðum. Áætlað var að fá fyrirlesara um málefnið að sunnan, en vegna veðurs var ekki hægt að fljúga til Ísafjarðar og féll því sá liður á þinginu niður. Málefnið voru hinsvegar rædd ítarlega á þinginu af sveitarstjórnarmönnum.

Þingið afgreiddi 20 ályktanir á þessu þingi og vill stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vekja athygli ráðuneytissins á þeim ályktunum sem sterta málaflokka þess.

- Ályktun um bættar samgöngur á Vestfjörðum bls. 2 í skjali.
- Ályktun láglandisveg um Gufudalssveit bls. 2 í skjali.
- Ályktun um innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningsamgöngur bls.3 í skjali.
- Ályktun um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði bls. 3 í skjali.
- Ályktun um innanlandsflug bls. 3 í skjali.
- Ályktun um uppbyggingu alþjóðaflugvallar á Vestfjörðum bls. 4 í skjali.
- Ályktun um sóknaráætlun landshluta bls. 4 í skjali.
- Ályktun um skort á samræmi milli byggðastefnu stjórnvalda og fjárlaga bls. 4 í skjali.

Hér með er óskað að ofangreindar ályktanir verði teknar til umfjöllunar í ráðuneytinu og þeim stofnunum og nefndum sem undir það heyra. Vísast þá einnig til þinggerðar og annarra gagna þingsins því til stuðnings sem finna má á heimasíðu sambandsins.

http://vestfirdir.is/fjorungssambandid/59_fjorungsting_2014/

Virðingarfyllt
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri